

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 31. janúar 2023

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu til afnáms banns við heimabruggun á áfengi til einkaneyslu

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra áforma um lagasetningu, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 19. janúar sl. Samkvæmt áformaskjalinu er að því stefnt að afnema hið fortakslausa bann sem áfengislög leggja við framleiðslu áfengis til einkaneyzlu og leyfa þannig heimabrugg áfengis með gerjun (framleiðsla bjórs og víns).

Í rökstuðningi í áformaskjalinu segir m.a.:

„Umrætt bann hefur verið í gildi á Íslandi um langt skeið. Þrátt fyrir bannið hefur framleiðsla áfengis til einkaneyslu, oftast kallað heimabruggun, tíðkast í seinni tíð víða í samfélaginu fyrir opnum dyrum.

Á undanförnum árum hefur orðið til rík menning heimabruggunar, þá sérstaklega á bjór, samhliða vexti handverksbrugghúsa sem hafa hafið starfsemi sína um land allt. Félög hafa verið stofnuð utan um heimabruggun áfengis til einkaneyslu, námskeið um slíka bruggun verið auglýst opinberlega og almenn umræða átt sér stað fyrir opnum tjöldum um athæfið. Almenningsur virðist lítt upplýstur um að heimabruggun áfengis til einkaneyslu feli í sér refsiverðan verknað, sem bendir til þess að réttarvitund almennings kunní að vera á skjön við hið lögfesta og fortakslausa bann í 4. gr. áfengislaga. Með vísan til framangreinds er talið tímabært að taka til skoðunar hvort enn séu rök fyrir því að skilgreina heimabruggun sem refsiverða háttsemi samkvæmt lögum.“

FA er algjörlega sammála þessum rökstuðningi og lýsir eindregnum stuðningi við að áform dómsmálaráðherra nái fram að ganga. Bannið við heimabruggi er gott dæmi um þá hræsni og tvískinnung sem oft einkennir umræðuna um áfengismál á Íslandi; í nafni lýðheilsu og forvarna er ríghaldið í boð og bönn sem borgararnir eru löngu hættir að virða vegna þess að þau eru ekki í neinu samræmi við réttarvitund þeirra.

Félagið vill því jafnframt nota tækifærið til að benda ráðuneytinu á það sem má þó teljast liggja í augum uppi, að hið sama á við um ýmis fleiri boð og bönn áfengislaganna.

- Smásala áfengis er samkvæmt laganna hljóðan bönnuð öðrum en ríkinu. Hún fer þó fram fyrir opnum tjöldum með ýmsum hætti. Áfengi, sem viðskiptavinir geta haft óopnað með sér, er þannig selt í matvörubúð í Leifsstöð vegna þess að hún er einnig með veitingasölu. Með sama hætti selja vegasjoppur víða um land ferðalöngum áfengi sem þeir þurfa ekki að neyta á staðnum. Til skamms tíma var auðvelt að kaupa áfengi í neytendaumbúðum hjá smærri brugghúsum, þrátt fyrir að lagaheimild til þess skorti. Vínsmökkunarklúbbar hafa um langt skeið verið starfræktir, sem selja meðlimum sínum áfengi í áskrift án aðkomu ríkisins. Þeir voru til skamms tíma lokaðir, en sú breyting hefur orðið á að slík starfsemi er nú auglýst og rekin

fyrir opnum tjöldum. Öll þessi starfsemi er látin óátalin af stjórnvöldum, lögreglu og öðrum eftirlitsstofnunum – rétt eins og heimabugg – einmitt vegna þess að hún misbýður ekki með nokkrum hætti réttarvitund almennings.

- Innlend netverzlun með áfengi er ekki heimil samkvæmt skilningi dómsmálaráðuneytisins, sbr. bréf ráðuneytisins til FA dags. 8. október 2021. Hún fer engu að síður fram fyrir opnum tjöldum. Innlendum netverzlunum fer fjölgandi og umsvif þeirra fara hratt vaxandi. Aftur má telja þetta í fullu samræmi við réttarvitund almennings og stjórnvöld hafa ekki hlutast til um þessa starfsemi. Hins vegar er það svo að sé ekki annaðhvort gert skýrt af hálfu ráðuneytisins að þessi starfsemi samræmist lögum eða þá lögum breytt þannig að lögmætið sé skýrt, halda ýmis gróin fyrirtæki á áfengismarkaðnum áfram að sér höndum varðandi netverzlun vegna þess að þau vilja ekki taka þá áhættu að gerast brotleg við lög. Þetta gefur þeim, sem eru reiðubúnir að taka áhættuna, samkeppnisforskot.
- Bann áfengislaga við áfengisauglýsingum er fortakslaust og refsivert, rétt eins og bannið við heimabuggi. Allir vita þó að það bann heldur ekki í raun. Áfengisauglýsingar eru fyrir augum íslenzkra neytenda daglega; í erlendum blöðum og tímaritum sem seld eru hér á landi, á íþróttaviðburðum sem sjónvarpað er beint hér á landi og á alþjóðlegum samfélagsmiðlum og vefsíðum. Þetta brýtur ekki gegn réttarvitund almennings og stjórnvöld skipta sér ekki af starfseminni enda hafa þau oft og tíðum enga möguleika til þess þar sem lögsaga þeirra nær ekki til hinna alþjóðlegu miðla. Þeir, sem fyrst og fremst tapa á auglýsingabanni áfengislaganna, eru innlend fyrirtæki. Í fyrsta lagi innlendir áfengisframleiðendur, sem ekki geta auglýst vörur sínar í innlendum miðlum nema þá með óbeinum hætti með því að auglýsa sömu vörumerki án áfengisinnihalds eða innan við 2,25% styrkleika. Í öðru lagi innlendir fjölmiðlar sem njóta ekki tekna af áfengisauglýsingum innlendra aðila á áfengismarkaði. Þeir síðarnefndu skipta fremur við hina alþjóðlegu samfélagsmiðla, sem njóta þá teknanna. Í þriðja lagi innlend auglýsinga- og markaðsfyrirtæki, sem einnig missa spón úr aski sínum. Þetta er fráleit staða.

Af ofangreindu leiðir að engar reglur eru til um starfsemi, sem engu að síður þrífst og fer fram fyrir opnum tjöldum. Þannig eru engar reglur til um netverzlun með áfengi, t.d. hvernig viðskiptavinir auðkenna sig og sanna aldur sinn eða hver afhendingarfrestur er eftir að viðskipti hafa farið fram. Engar reglur eru heldur til um áfengisauglýsingar, hvernig þær skuli úr garði gerðar eða að hverjum þær megi beinast, vegna þess að löggjöfin gengur út frá því að þær séu ekki til. Að mati FA er ábyrgðarhluti af hálfu stjórnvalda að leyfa þessu ástandi að viðgangast.

Út frá lýðheilsu- og forvarnasjónarmiðum, sem oft er haldið á lofti í umræðu um áfengismarkaðinn, er miklu vænlegra að leyfa starfsemina með afdráttarlausum hætti og setja um leið um hana skýrar og skynsamlegar reglur, en að viðhalda ástandi, sem helzt má kenna við villta vestrið. Almennt talað er miklu nær að leitast við að ná lýðheilsu- og forvarnarmarkmiðum með forvörnum og upplýsingu en með boðum og bönum sem almenningi dettur ekki í hug að virða.

Augljóst er, að mati FA, að áfengislögin hafa ekki fylgt tækni- og samfélagsþróun og eru á marga lund úrelt og í hróplegu ósamræmi við réttarvitund almennings. Stjórnvöld og löggjafinn ættu ævinlega, einnig í þessum efnum, að kappkosta að löggjöfin fylgi eðlilegri þróun samfélags og efnahagslífs og dagi ekki uppi sem marklaus bókstafur.

Félag atvinnurekenda hefur lagt áherzlu á að samhliða breyttu sölufyrirkomulagi, þar sem einkaaðilum er leyft að selja áfengi í smásölu, hvort heldur er með hefðbundnum hætti eða á netinu, verði bannað við áfengisauglýsingum afnumið og settar reglur um hvernig áfengisauglýsingar yrðu úr garði gerðar. FA hefur ennfremur lagt áherzlu á að samhliða þessum breytingum yrði ákvæðum laga um innheimtu áfengisgjalds breytt og má í því efni m.a. vísa til erindis félagsins til ráðuneytisins dags. 23. marz 2020 og fylgiskjals með því erindi.

FA vill því ítreka enn á ný það sem félagið hefur ítrekað beint til ráðuneytisins; að ráðizt verði í heildstæða endurskoðun áfengislaganna með hliðsjón af breytingum á samfélaginu, í tækni og viðskiptaháttum, og þau færð til samræmis við raunveruleikann og réttarvitund almennings. Sömu röksemdir eiga við um þá þætti, sem nefndir hafa verið hér að framan, og um bannið við heimabruggi.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA